

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfússdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 22. nóvember 2005

Efni: Frv. til I. um br. á I. nr. 90/2003 um tekju- og eignarskatt (31. mál).

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp er felur í sér að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18%. Markmið frumvarpsins er í fyrsta lagi sagt vera að bregðast við meintu óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Í öðru lagi á lagabreytingin á að afla ríkissjóði auknar tekjur.

Varðandi fyrra markmiðið vekur Viðskiptaráð athygli á hugmyndum sínum um 15% flatan skatt. Í hugmyndunum er komið til móts við tekjulága einstaklinga og fjölskyldur með tekjutengdum persónuafslætti og hærri barnabótum. Sýnt er fram á að tillagan gæti þýtt að skattar á hverja umframkrónu sem lág- eða meðaltekjufólk aflar lækki úr allt að 50 í rétt um 30 af hundruði. Háir jaðarskattar búa til fátækragildru og eru vinnuletjandi en hugmyndir ráðsins miðast fyrst og fremst við lækkun þeirra. Hvert prósentustig í lækkun tekjuskatts kosti ríkissjóð um 3-4 milljarða króna. Hins vegar leggur ráðið áherslu á að með einföldun kerfisins dregur verulega úr skattaundaskotum, sem eins og sakir standa, eru talin nema um 4-5% af landsframleiðslu. Að sama skapi munu vinnuhvetjandi áhrif nýs skattkerfis leiða til aukinna veltuáhrifa og endurskoðun ýmissa bóta og afsláttá léttir byrðum af ríkissjóði. Auk þess áréttar Viðskiptaráð að lækkun skatta er góður hvati fyrir stjórnvöld til að skoða af fullri alvöru leiðir til sparnaðar og ráðdeildar í ríkisrekstri.

Varðandi síðara markmiðið er það að segja að Viðskiptaráð furðar sig á að þegar rætt er um auknar tekjur ríkisins, koma tvær leiðir oft fram á sjónarsviðið. Það er hækkun skatta eða aukin þjónustugjöld ríkisstofnana. Viðskiptaráð vill stuðla að opinni umræðu um nýjar leiðir í skattamálum. Í stað þess að hækka fjármagnstekjuskatt til samræmis við tekjuskatt einstaklinga er hægt að lækka tekjuskatt einstaklinga. Frekari skattalækkun getur stuðlað að auknum

skatttekjum. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja sýnir ótvírátt að ríkið getur lækkað skatthlutföll og skatta en aukið tekjur sínar um leið. Enn frekari skattalækkunir eru mögulegar, þar með talið tekjuskattur einstaklinga, tekjuskattur fyrirtækja, virðisaukaskattur og vörugjöld á bifreiðum. Aukinheldur geta auknar tekjur ríkisins ekki talist markmið í sjálfu sér. Víða er hægt að draga úr umsvifum og því útgjöldum ríkisins sem minnkar að sama skapi fjárþörf þess.

Í frumvarpið vantar breytingar sem nauðsynlegt er að gera á öðrum lögum ef hækka á fjármagnstekjuskatt. Í 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga 50/1993 er tafla yfir mat á varanlegri örorku. Ein af forsendum töflunnar er 10% fjármagnstekjuskattur og væri því nauðsynlegt að breyta töflunni samhliða hækkun fjármagnstekjuskatt.

Viðskiptaráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga og hvetur stjórnvöld þess í stað að huga að frekari skattalækkunum.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson